

Fundargerð 9. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 mánudaginn 18. desember 2017

Mættir: Hörður J. Oddfríðarson formaður, Björn Sigurðsson gjaldkeri, Jón Hjaltason varaformaður, Elsa María Guðmundsdóttir (á Skype), Bjarney Guðbjörnsdóttir, Helga Sigurðardóttir, Hilmar Örn Jónasson, Emil Örn Harðarson mótastjóri

Afboða, mæta ekki: Jóna Margrét Ólafsdóttir ritari, Eva Hannesdóttir, Hrafnhildur Lúthersdóttir, Margrét Gauja Magnúsdóttir og Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri

Fundur settur kl. 18:30

1. Fundargerðir og skýrslur

- a. Fundargerð Dómaranefndar, 75.fundur dags. 04.12.2017

Staðfest

- b. Fundargerð Fræðslunefndar dags. 05.12.2017

Staðfest

- c. Skýrsla fararstjóra NM 2017

- d. Munnleg skýrsla mótastjóra eftir NM2017 – staða á skýrslugerð

- i. Purfum að koma upp medical teymi
- ii. Vantar að dómara og aðrir starfsmenn komi til starfa á svona móti
- iii. Höfum fengið mjög góð viðbrögð eftir mótið og hrós fyrir umgjörð og framkvæmd
- iv. Streymið vakti mikla athygli erlendis og hjálpaði áhugasömum að fylgjast með því sem gerðist á mótinu

- e. Bráðabrigðaskýrsla Per Rune Eknes eftir stjórnarfund LEN í desember 2017

- f. Skýrsla um skoðunarferð JH og MT í nýbyggða laug í Tåstrup

- g. Skýrsla formanns um erlend samskipti í tengslum við EM25 í Kaupmannahöfn

- i. Ísland hefur boðist til að halda fund Garpanefndar LEN á Íslandi 2019 eða 2020

Staðfest

- ii. Ísland hefur sótt um að halda LEN Congress á Íslandi 2020 eða 2021

Staðfest

- iii. Ísland hefur hafið umsóknarferli v/EMU á Íslandi árið 2021

Stjórn samþykkir að skipa formann og varaformann SSÍ og formann Landsliðsnefndar í undirbúningshóp

- iv. Ísland mun tilnefna mann í mannvirkjanefnd LEN

Staðfest

2. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	Dags. mótt.	Tekur gildi
Hafdís Guðlaugsdóttir	Sunddeild Hattar	Sunddeild KR	15.11.2017	14.12.2017

3. Staðfesting meta

25m laug

Kvenna

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
4x100m fjórsund	Sveit SH Katarína Róbertsdóttir Hrafnhildur Lúthersdóttir Ingibjörg Kristín Jónsdóttir Jóhanna Elín Guðmundsdóttir	SH	04:13,88	18.11.17	Reykjavík
50m bringusund	Hrafnhildur Lúthersdóttir	SH	30,42	19.11.17	Reykjavík
50m bringusund	Hrafnhildur Lúthersdóttir	SH	30,22	13.12.17	Kaupmannahöfn
50m bringusund	Hrafnhildur Lúthersdóttir	SH	30,03	13.12.17	Kaupmannahöfn
50m bringusund	Hrafnhildur Lúthersdóttir	SH	30,03(jöfnun)	13.12.17	Kaupmannahöfn

Pilta/Stúlkna

Fundargerð 9. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 mánudaginn 18. desember 2017

Grein: 4x100m fjórsund	Nafn: Sveit SH Katarína Róbertsdóttir Sunna Svanlaug Vilhjálmisdóttir Jökull Ýmir Guðmundsson Kári Sölvi Nielsen	Félag: SH	Tími: 04:19,80	Dags: 18.11.17	Staður: Reykjavík
----------------------------------	--	---------------------	--------------------------	--------------------------	-----------------------------

4. Aðsend bréf

Dags 03.10.2017	Efni Úthlutun úr Afrekssjóði <i>Formaður fer yfir samskipti SSÍ og Afrekssjóðs í tengslum við þessa úthlutun</i>	Sendandi ÍSí/lrh
---------------------------	---	----------------------------

5. Sundfólk ársins

a. Forsendur valsins

- i. FINA stig
- ii. Árangur ÍM
- iii. Íslandsmet
- iv. Staðsetning á heimslista
- v. Landsliðsverkefni
- vi. Árangur landsliðsverkefni NM/sambærileg
- vii. Árangur landsliðsverkefni EM/sambærileg
- viii. Árangur landsliðsverkefni HM/ÓL
- ix. Alþjóðleg met
- x. Ólympíulágmark
- xi. Ástundun
- xii. Íþróttamannsleg framkoma
- xiii. Stig eru gefin samkvæmt ofangreindu í báðum brautarlengdum þar sem 50 metra brautin gildir 100% og 25 metra brautin gildir 75%
- xiv. Ef um tvo mjög jafna einstaklinga er að ræða skal FINA stigaskor í löngu brautinni eða afburðaárangur á Ólympíuleikum/Heimsmeistaramóti ráða úrslitum

Stjórn staðfestir sundfólk ársins miðað við ofangreindar forsendur

b. Sundfólk ársins verður kynnt opinberlega á Þorláksmessu

6. Starfsmannamál SSÍ (formaður vikur af fundi og varaformaður tekur við fundarstjórn á þessum lið)

- a. Frá síðasta sundþingi hefur stjórn SSÍ rætt þann möguleika að ráða þriðja starfsmann inn á skrifstofu SSÍ, til að sinna þeim verkefnum sem út af standa og til fjáröflunar fyrir sambandið. Rétti aðilinn í þessi verkefni hefur ekki fundist fyrr en nú hefur opnast sá möguleiki að formaður taki að sér afmörkuð verkefni á skrifstofu SSÍ.
- b. Gjaldkeri kynnir tillögu um ráðningu formanns í hlutastarf hjá SSÍ
 - i. Verkefni formanns í starfi væru m.a. eftirfarandi:
 - Formennska í Sundsambandi Íslands – talsmaður sambandsins út á við
 - Rekstur skrifstofu SSÍ – starfsmannastjórnun og yfirsýn um starfsemi SSÍ
 - Stefnumótun SSÍ í samráði við starfsfólk, varaformann og gjaldkera SSÍ
 - Útfæra verklagsreglur og vinnulag SSÍ
 - Útbreiðsluverkefni sundíþróttá t.a.m. samstarf við sundfélög og fleiri
 - Samstarf við nefndir SSÍ og seta á nefndarfundum eftir þörfum
 - Fjármálastjórn SSÍ í samstarfi við gjaldkera og framkvæmdastjóra SSÍ
 - Samskipti við ÍSí í samvinnu við framkvæmdastjóra
 - Erlend samskipti m.a. við NSF, LEN og FINA
 - Öflun styrktarfjár og samskipti við styrktaraðila SSÍ

Fundargerð 9. fundar stjórnar SSÍ 2017-2019 mánudaginn 18. desember 2017

- Vinna að stofnun Sundíþróttamiðstöðvar Íslands og leita fulltingis Reykjavíkurborgar og Mennta- og menningarmálaráðuneytis í þeirri vinnu

Stjórn SSÍ samþykkir að ráða formann til starfa hjá SSÍ í 75% starf. Reynslutími ráðningarinnar eru sex mánuðir. Gjaldkera falið að ganga frá samningi fyrir hönd stjórnar við formann.

7. Fjármál SSÍ (formaður tekur aftur við fundarstjórn)

- a. Áætlanir fyrir árið 2018

Formanni og gjaldkera ásamt framkvæmdastjóra falið að ljúka áætlanagerð

- b. Samningur við Myrtha Pools lagður fyrir

Staðfest

8. Önnur mál

- a. RIG – staðan í undirbúningi

Undirbúningur í byrjunarfasa, vitað af erlendum keppendum sem ætla að koma til keppni

- b. Skólasundkeppnin – staðan í undirbúningi – *frestað*

- c. Breyting á atburðardagatali v/NM í sundknattleik á Íslandi 2018

Mótastjóra falið að uppfæra atburðardagatal

- d. Staðan á Ofbeldisgáttinni – *frestað*

- e. Tillaga um átaksverkefni í kjölfar málþings SSÍ í febrúar sl.

- i. Að SSÍ efni til fundar/ráðstefnu þar sem fulltrúum allra félaga er boðið til samráðs um hvernig ábyrgð á upplýsingum, upplýsingaflæði og verkferlum er háttað innan hreyfingarinnar. SSÍ útskýri sitt ábyrgðarhlutverk og fari yfir verkferla eins og þeim er háttað í dag. Fundinn verði sameiginlegur flötur sem flestir geti sammælst um. Áhersla á sameiginlega ábyrgð, jákvæðni og uppbyggingu. Mögulega að fá utanaðkomandi aðila til að leiða þessa vinnu.
- ii. Að SSÍ standi fyrir námskeiðum fyrir sundforeldra í samvinnu við sundfélögin á hverjum stað. Með áherslu á grunnatriðið í tengslum við; almennt um sundþjálfun, tilhögun sundmóta, liðsanda og samheldni, fræðslu á hlutverki SSÍ og hvað annað sem viðkomandi félag telur mikilvægt á hverjum stað.
- iii. Að SSÍ búi til vettvang fyrir þjálfara, með sérstaka áherslu á yngri sundmenn. Fræðsla, stuðningur og að skiptast á upplýsingum. Þjálfaranámið sem boðið er uppá gæti verið vettvangur þar sem hægt er að kalla þessa aðila saman og stuðla að meiri samvinnu þeirra á milli, þvert á félög og landshluta. Þetta gæti styrkt enn frekar þjálfara og þjálfun yngri sundmanna, með það að markmiði að halda sem flestum í sundinu.

Sjórn samþykkir að útfæra þessi verkefni í samvinnu við fræðslunefnd SSÍ og fleiri. Skrifstofu SSÍ falið að kalla eftir samstarfi við félög. Það samstarf getur verið svæðisbundið

- f. Endurbætt reglugerð AMÍ – *frestað*

- g. Umræða um greinaröðun á ÍM – að 400 metra greinar verði syntar í undanrásum og úrslitum

Vísad til þjálfaranefndar og landsliðsnefndar til umfjöllunar

- h. Umræða um fjáröflun fyrir SSÍ

- i. Umræða um ramma landsliða

- j. Umræða um heiðursveitingar SSÍ

- k. Umræða um að sundfólk sem hefur náð lágmarki í einni grein á alþjóðlegu mótí, geti synt í annarri/öðrum greinum á sama mótí

Vísad til landsliðsnefndar til umfjöllunar

- l. Fyrirliggjandi agamál

Formanni falið að kalla eftir frekari upplýsingum frá viðkomandi félagi

Fundi slitið kl. 21:41